

Alþingi
Erindi nr. P 127/2246
komudagur 7.6.2002



UNIVERSITY OF ICELAND

INSTITUTE OF ECONOMIC
STUDIES

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2002

Efni. Umsögn um þingsályktun um áhrif breyttrar aldursamsetningar, 247. mál

Fyrirsjáanlegt er að aldursamsetning hinna iðnvæddu þjóða muni breytast mjög á næstu áratugum vegna minnkandi fæðingartíðni og hækkandi lífaldurs. Áætlað er að Íslendingum muni fjölga um allt að 54 þúsund á næstu fjörtíu árum, eða um fimmtung þegar fólksfjöldinn nær hámarki samkvæmt spám og að hlutfall eldri borgara af íslensku þjóðinni verði um 20%. Ljóst er fækkun starfandi fólks í hlutfalli við heildarmannfjölda mun hafa mikil áhrif á íslenska hagkerfið þegar útgjöld vegna eftirlauna og heilbrigðismála aukast og skattstofnar minnka. Þannig hefur fólksfjölgun og breytingar á aldursamsetningu þjóða mikil áhrif á eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu og kostnað við hana auk þess sem miklir fjármunir munu fara til eftirlaunagreiðslna.

Mikilvægt er að kanna hver áhrif breyttrar aldursamsetningar þjóðarinnar mun verða hérlendis til að stjórnvöld, og aðrir þeir sem hlut eiga að máli, séu sem best búnir undir væntanlegar breytingar. Hagfræðistofnun telur því að um mikilvægt og þarft mál sé að ræða.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Þór Herbertsson,
forstöðumaður.